

EVROPUSJÓÐUR

MEÐALÁRSÁVÖXTUN

TÍMABIL	NAFNÁVÖXTUN	RAUNÁVÖXTUN
12 mánuðir	-7,17%	-21,20%
24 mánuðir	-5,48%	-15,36%
48 mánuðir	12,36%	3,43%

FJÁRFESTINGARSTEFNA

	LÁGMARK	HÁMARK
Evrópsk hlutabréf	55%	95%
Evrópsk smáfyrirtæki	5%	45%

MARKMIÐ

Að fjárfesta í stórum sem smáum evrópskum fyrirtækjum og ná fram stöðugri ávöxtun með áhættudreifingu.

SKULDABRÉFASJÓÐUR

MEÐALÁRSÁVÖXTUN

TÍMABIL	NAFNÁVÖXTUN	RAUNÁVÖXTUN
12 mánuðir	49,25%	26,70%
24 mánuðir	21,26%	8,55%
48 mánuðir	13,99%	4,93%

FJÁRFESTINGARSTEFNA

	LÁGMARK	HÁMARK
Alheimsskuldabréf	60%	100%
Evrópsk skuldabréf	0%	40%

MARKMIÐ

Að fjárfesta í skuldabréfum um allan heim.

ERLENDIR SJÓÐIR - GENGISÞRÓUN



ALHEIMSSJÓÐUR

MEÐALÁRSÁVÖXTUN

TÍMABIL	NAFNÁVÖXTUN	RAUNÁVÖXTUN
12 mánuðir	8,09%	-8,24%
24 mánuðir	3,28%	-7,53%
48 mánuðir	13,78%	4,73%

FJÁRFESTINGARSTEFNA

	LÁGMARK	HÁMARK
Evrópsk hlutabréf	10%	50%
Amerísk hlutabréf	10%	50%
Japönsk hlutabréf	5%	35%
Hlutabréf í Kyrrahafslöndum	0%	20%

MARKMIÐ

Fjárfestingar í hlutabréfum stórra sem smárra fyrirtækja um allan heim á flestum stærstu mörkuðunum.

ÞRÓUNARSJÓÐUR

MEÐALÁRSÁVÖXTUN

TÍMABIL	NAFNÁVÖXTUN	RAUNÁVÖXTUN
12 mánuðir	-5,15%	-19,49%
24 mánuðir	-3,86%	-13,91%
48 mánuðir	12,24%	3,32%

FJÁRFESTINGARSTEFNA

	LÁGMARK	HÁMARK
Evrópsk hlutabréf	10%	50%
Evrópsk smáfyrirtæki	10%	50%
Nýmarkaðir	5%	35%
Hlutabréf tæknifyrirtækja	0%	20%

MARKMIÐ

Fjárfestingar í evrópskum hlutabréfum og á nýjum og vaxandi hlutabréfamörkuðum.

ERLENDIR SJÓÐIR - GENGISÞRÓUN

SPARNAÐARLÍFTRYGGING -
ÁRSYFIRLIT

SJÓVÁ

YFIRLIT SPARNAÐARLÍFTRYGGINGAR

Sparnaðarlíftrygging er bæði líftrygging og reglubundinn sparnaður. Líftryggingin er hefðbundin og greiðir bætur við andlát tryggingar-taka. Í upphafi hvers árs er mánaðargreiðslum ráðstafað til greiðslu líftryggingarinnar og sparnaðarhluta tryggingarinnar er síðan ráð-stafað til fjárfestinga í mismunandi sjóðum sem tryggingartaki velur sjálfur í upphafi samningstíma. Tryggingartaki safnar því upp sparnaði og fer ávöxtun eftir þeim fjárfestingarleiðum sem hann sjálfur velur. Yfirlit yfir sjóði sem Sjóvá Líf býður upp á og ávöxtun þeirra árið 2008 fylgir hér með.

GREIÐSLUR OG KOSTNAÐUR

Mánaðarleg greiðsla er ákveðin í upphafi og er lágmarksgreiðsla 4.000 kr. á mánuði. Í janúar ár hvert breytast líftryggingarfjárhæðir og mánaðarlegar innborganir í samræmi við breytingar á vísitölu neyslu-verðs. Lágmarksfjárhæð líftryggingar er 250.000 kr. Kostnaður við hverja greiðslu er 2%. Um er að ræða umsýslukostnað sem hlýst m.a. af gjaldtöku greiðslukortafyrirtækja og banka vegna millifærslna og skuldfærslna.

ÞÚ GETUR BREYTT

Þú getur alltaf breytt sjóðasamsetningu og hækkað eða lækkað mánaðarlegar innborganir. Allar breytingar þarf að gera skriflega og má finna eyðublöð til breytingar á heimasíðu félagsins: www.sjova.is.

GET ÉG TEKIÐ ÚT SPARNAÐINN MINN ÞEGAR ÉG VIL?

Samningar um sparnaðarlíftryggingu eru gerðir til lengri tíma. Þú getur sagt upp tryggingunni og tekið út sparnað gegn greiðslu kostnaðar sem nemur tveimur mánaðargreiðslum ef samningurinn hefur gilt skemur en í 5 ár. Eftir 5 ár og fram til 10 ára sparnaðar er kostnaður við útgreiðslu á samningstíma sem nemur einni mánaðargreiðslu. Eftir 10 ára sparnað reiknast ekki kostnaður við útgreiðslu sparnaðar. Þeir sem kjósa að halda áfram með líftryggingu en hætta með sparnað fá afslátt af þessum kostnaði.

HVERNIG ER SPARNAÐARLÍFTRYGGINGIN SKATTLÖGÐ?

Líftryggingabætur eru skattfrjálсар. Sparnaðarhluti tryggingarinnar ber ekki tekjuskatt við útgreiðslu en ber hins vegar fjármagnstekjuskatt (10%) af ávöxtun eins og skattalög kveða á um. Tryggingartaki velur réttthafa líftryggingar og sparnaðar.

HVAÐ EF ÉG VEIKIST?

Þeim sem hafa keypt sérstaka iðgjaldatryggingu er gert kleift að spara áfram. Um er að ræða viðbótartryggingu sem greiðir sparnað fyrir tryggingartaka þótt starfsorka hans skerðist tímabundið um 2/3 eða meira. Tryggingin er ekki seld einstaklingum eldri en 55 ára og gildir lengst til 65 ára aldurs.

ÞRÓUN OG HORFUR Á MARKAÐI

Síðastliðið ár var einstakt á fjármálamörkuðum, jafnt hérlendis sem erlendis. Uppnámið sem varð á mörkuðunum er fordæmalaust í seinni tíð og snerti íslenska fjármálakerfið verulega, auk þess sem áhrif hinnar alþjóðlegu fjármálakreppu eru mikil.

HLUTABRÉFAMARKAÐUR

Um leið og fréttir af versnandi ástandi fyrirtækja og hagkerfa fóru að berast á seinni hluta ársins 2008 féll verð hlutabréfa. Hlutabréf í íslenskum bönkum urðu verðlaus og hlutabréf flestra annarra fyrir-tækja lækkuðu um tugi prósentа. Stærstu félögin á innlendum hlutabréfamarkaði eru nú framleidisluфyrirtæki með umfangsmikla starfsemi á erlendum mörkuðum. Við núverandi aðstæður verða horfur fyrir þessi fyrirtæki varla skilin frá almennum horfum í alþjóðlegu efnahagslífi. Alþjóðlegir hlutabréfamarkaðir hafa einnig lækkað mikið. Í Bandaríkjunum, Japan og Evrópu var lækkunin um 40-50% og margir nýmarkaðir (e. emerging markets) hafa lækkað enn meira. Þær aðstæður sem blasa við í alþjóðlegu efnahagslífi þýða að rekstur margra fyrirtækja verður erfiður. Þó að hlutabréfaverð hafi lækkað gríðarlega mikið þá gæti það lækkað enn frekar. Hins vegar er rétt að

hafa í huga að hlutabréfaverð getur tekið að hækka þegar fjárfestar sjá möguleika á bata í rekstri, jafnvel þótt hann sé ekki alveg handan við hornið.

SKULDABRÉFAMARKAÐUR

Á innlendum skuldabréfamarkaði blöstu sömuleiðis við algerlega nýjar aðstæður í kjölfar falls bankanna. Skuldabréf, útgefin af bönkum og öðrum aðilum, urðu verðlítill eða lækkuðu mikið í verði. Þetta þýddi að gengi margra skuldabréfasjóða lækkaði verulega. Hið sama gerðist á erlendum mörkuðum.

GENGI ÍSLENSKU KRÓNUNNAR OG ÁHRIF GJALDEYRISREGLNA
Staða íslensku krónunnar veiktist verulega á síðasta ári. Áhrif þessa á sparnað í erlendum sjóðum voru þó jákvæð þar sem fjárfestingar miðast við evrur og dollara. Tryggingartakar sem fjárfestu í erlendum sjóðum Henderson Global Investors nutu því góðs af veikingu krónunnar á liðnu ári. Til þess að sporna við alvarlegum óstöðug-leika í gengis- og peningamálum setti Seðlabanki Íslands sérstakar gjaldeyrisreglur í lok ársins 2008. Þær reglur banna nýja samninga um fjárfestingar í evrum og dollurum. Gjaldeyrisreglurnar eru þó ekki afturvirkar, sem þýðir að þeir samningar sem voru í gildi þegar reglurnar voru settar halda gildi sínu. Þetta gerir þeim sem hafa fjárfest í erlendum sjóðum kleift að halda því áfram, en þó einungis með sömu fjárhæðum og áður.

HORFUR

Erfitt er að spá fyrir um hvernig best verður að ávaxta reglubundinn sparnað á komandi mánuðum. Mikil óvissa ríkir á hlutabréfamarkaði, jafnt hérlendis sem erlendis. Þar að auki hafa vextir almennt verið að lækka. Þetta hefur leitt til þess að fjárfestar sækja helst í öruggari fjárfestingar eins og ríkisskuldabréf og innlánsreikninga. Vegna þessa hefur Sjóvá Líf ákveðið að bjóða upp á tvo nýja sjóði til fjárfestinga. Um er að ræða Innlánssjóð og blandaðan Innláns- og ríkisskulda-bréfasjóð.

Þú getur haft samband til að fá frekari upplýsingar í gegnum netfangið: **sparnadur@sjova.is**

NÝIR SJÓÐIR

INN LÁNSSJÓÐUR

FJÁRFESTINGARSTEFNA	LÁGMARK	HÁMARK
Innlán	100%	100%

MARKMIÐ
Hæg og jöfn uppbygging eigna með hæstu óverðtrygðu innlánsvöxtum á hverjum tíma.

INN LÁNS- OG RÍKISSKULDABRÉFASJÓÐUR

FJÁRFESTINGARSTEFNA	LÁGMARK	HÁMARK
Innlán	0%	40%
Skuldabréf m. ág. ríkisins	60%	100%

MARKMIÐ
Að ná stöðugri ávöxtun með aukningu eigna í vaxtatekjum og gengishagnaði.

SJÓÐIR Í ÁVÖXTUN HJÁ GLITNI

RÍKISSJÓÐUR

MEÐALÁRSÁVÖXTUN	NAFNÁVÖXTUN	RAUNÁVÖXTUN
12 mánuðir	30,72%	10,97%
24 mánuðir	16,64%	4,42%
48 mánuðir	10,75%	1,95%

FJÁRFESTINGARSTEFNA	LÁGMARK	HÁMARK
Íbúðabréf	20%	90%
Óverðtryggt skuldabréf	0%	40%
Önnur ríkistryggt skuldabréf	0%	40%

MARKMIÐ
Að ná stöðugri og öruggri ávöxtun með aukningu eigna í vaxtatekjum og gengishagnaði af innlendum ríkisskuldabréfum.

HLUTABRÉFASJÓÐUR

MEÐALÁRSÁVÖXTUN	NAFNÁVÖXTUN	RAUNÁVÖXTUN
12 mánuðir	-89,84%	-91,38%
24 mánuðir	-67,99%	-71,29%
48 mánuðir	-33,57%	-38,85%

FJÁRFESTINGARSTEFNA	LÁGMARK	HÁMARK
Markaðsvægi	60%	100%
Virk stýring	0%	40%

MARKMIÐ
Langtímaaukning með gengishagnaði og arði af innlendum hlutabréfum.


INNLEND VERÐBRÉF OG ÍSLENSK VERÐBRÉF

MEÐALÁRSÁVÖXTUN	NAFNÁVÖXTUN	RAUNÁVÖXTUN
12 mánuðir	-49,82%	-57,40%
24 mánuðir	-27,52%	-35,07%
48 mánuðir	-5,72%	-13,22%

FJÁRFESTINGARSTEFNA	LÁGMARK	HÁMARK
Innlend hlutabréf	25%	75%
Ríkisskuldabréf	10%	50%
Önnur innl. skuldabréf	10%	50%

MARKMIÐ
Að ná fram eignaaukningu til lengri tíma með vaxtatekjum, gengishag-naði, arðgreiðslum af innlendum ríkisskuldabréfum og hlutabréfum. Mikil eignadreifing.
Ekki er lengur hægt að fjárfesta í þessum sjóði.

INNLENDIR SJÓÐIR - GENGISÞRÓUN



BLANDAÐUR HLUTABRÉFASJÓÐUR

MEÐALÁRSÁVÖXTUN	NAFNÁVÖXTUN	RAUNÁVÖXTUN
12 mánuðir	-70,40%	-74,87%
24 mánuðir	-45,68%	-51,32%
48 mánuðir	-14,60%	-21,39%

FJÁRFESTINGARSTEFNA	LÁGMARK	HÁMARK
Erlend hlutabréf	35%	35%
Innlend hlutabréf	65%	65%

MARKMIÐ
Aukning eigna til langs tíma með gengishækkun og arði af innlendum og erlendum hlutabréfum. Mikil eignadreifing.
Ekki er lengur hægt að fjárfesta í þessum sjóði.

ÍSLENSK SKULDABRÉF

MEÐALÁRSÁVÖXTUN	NAFNÁVÖXTUN	RAUNÁVÖXTUN
12 mánuðir	0,34%	-14,82%
24 mánuðir	4,24%	-6,67%
48 mánuðir	5,57%	-2,83%

FJÁRFESTINGARSTEFNA	LÁGMARK	HÁMARK
Skammtímaverðbréf	0%	50%
Ríkisverðbréf	30%	70%
Langtímaverðbréf	0%	50%

MARKMIÐ
Góð áhættudreifing og jöfn ávöxtun með fjárfestingum í innlendum skuldabréfum.
Ekki er lengur hægt að fjárfesta í þessum sjóði.

ERLEND HLUTABRÉF OG ERLENDUR VAXTASJÓÐUR

MEÐALÁRSÁVÖXTUN	NAFNÁVÖXTUN	RAUNÁVÖXTUN
12 mánuðir	2,98%	-12,58%
24 mánuðir	-2,11%	-12,35%
48 mánuðir	8,73%	0,09%

FJÁRFESTINGARSTEFNA	LÁGMARK	HÁMARK
Hefðbundnir markaðir	70%	100%
Nýmarkaðir	0%	30%

MARKMIÐ
Eignaaukning til lengri tíma með gengishagnaði og arði af erlendum hlutabréfum. Mikil eignadreifing.
Ekki er lengur hægt að fjárfesta í þessum sjóði.

INNLENDIR SJÓÐIR - GENGISÞRÓUN

